

Ed.

610. Breytingartillögur

[119. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Árna Johnsen.

1. Við 37. gr.
 - a. 2. mgr. orðist svo:
Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 80 km á klst., þó 100 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi.
 - b. 3. mgr. orðist svo:
Ákveða má hærri hraðamörk á tilteknum vegum, þó eigi meira en 110 km á klst., ef aðstæður leyfa og æskilegt er að greiða fyrir umferð, enda mæli veigamikil öryggissjónarmið eigi gegn því.
2. Við 107. gr.
Orðin „Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt má þó eigi veita ökuréttindi að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár“ í fyrri mgr. falli brott.